



5. stjórnarfundur HSV starfsárið 2016-2017. Haldinn á skrifstofu HSV í Vestrahúsinu, mánudaginn 12. desember 2016 kl. 17.00.

Dagkrá fundar er annars þessi:

1. Íþróttaskóli gjöld
2. Ánægja í íþróttum – niðurstaða könnunar,
3. Þing og aðalfundir framundan- kynning
4. Önnur mál.

1. Íþróttaskóli gjöld.

Salóme fer yfir stöðu íþróttaskólans nú í lok haustannar. Önnin hefur gengið vel. Sundið verið 1x í viku þessa önnina, annað í sama fyrirkomulagi og áður. Skólinn hefur starfað á Suðureyri en ekki hafa fengist þjálfarar á Flateyri, Þingeyri og Súðavík. Athuga þarf hvort hægt sé að opna fleiri möguleika í mönnun þar með því að bjóða upp á þjálfaranámskeið.

Framkvæmdastjóri mun skoða það mál. Saló bendir á að það vantar reglugerð um starfsemi íþróttaskólans. Stjórn samþykkir að starfsmenn HSV vinni drög að reglugerð fyrir íþróttaskólann sem lögð verði fyrir stjórn og síðar formannafund og ársþing. Yfirþjálfari og framkvæmdastjóri kynna áttak til að bæta skráningu barna í íþróttaskólann en nokkuð hefur vantað upp á að foreldrar skrái börn í skólann. Formaður leggur til að gjald verði hækkað ef ekki er búið að skrá börn inn fyrir ákveðinn tíma. Stjórn samþykkir og felur yfirþjálfara og framkvæmdastjóra að útfæra málið.

2. Ánægja í íþróttum – niðurstaða könnunar. Lagt fram til kynningar.

3. Þing og aðalfundir framundan

Framkvæmdastjóri kynnir fundarboð sem borist hafa sambandinu undanfarið.

Aðalfundur sunddeildar í kvöld kl. 20

Aðalfundur Fossavatnsgangan 26. janúar kl. 20.30

KSÍ þing 11. febrúar í Vestmannaeyjum.

Þing íþróttasambands fatlaðra 25. febrúar Reykjavík

4. Önnur mál.

- a) Páll Janus leggur til að skoðað verði hvort hægt sé að breyta fyrirkomulagi sundsins í íþróttaskólanum. Framkvæmdastjóra falið að funda með yfirþjálfara og Páli Janusi um málið.